



## Fundarboð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps þriðjudaginn 1. október 2013 kl. 16.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Eiríkur Kristjánsson, Sandra Rún Björnsdóttir og Sigfríður Magnúsdóttir varamaður í forföllum Karls Kristjánssonar. Einnig sátu fundinn Anna Greta Ólafsdóttir skólastjóri, Steinunn Rasmus f.h. kennara grunnskólasviðs, Herdís Erna Matthíasdóttir fyrir hönd foreldrafélags leikskólasviðs, Hallfríður Valdimarsdóttir fyrir hönd foreldrafélags grunnskólasviðs og Ingibjörg B Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Eiríkur bauð fólk velkomið. Þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### 1. 1309018 – Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 11. júní 2013.

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt í einu hljóði.*

### 2. 1309019 – Aðbúnaður nemenda í Reykhólaskóla.

Erindi frá skólastjóra dagsett 19. ágúst 2013 varðandi aðbúnað í búningsklefum sundlaugar og íþróttahúss vegna nemenda í skólanum.

*Umræður fóru fram um málið. Um er að ræða heitt vatn í sturtum í íþróttahúsi, mottur í sturtuklefa eða hálkuvarnir af einhverju tagi, þá vantar hreinlætisaðstöðu fyrir fatlaða á miðhæð skólans. Þar eð um fjárútlát er að ræða er erindinu vísað til sveitarstjórnar, samþykkt samhljóða.*

### 3. 1309020 – Ósk um iðjupjálfa í Reykhólaskóla.

Erindi frá skólastjóra dagsett 11. september 2013.

*Mennta- og menningarmálanefnd styður erindið að fullu og hvetur sveitarstjórn að samþykkja erindið og vísa því í gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2014. Samþykkt samhljóða.*

### 4. 1309021 – Ósk um námsvist utan lögheimilissveitarfélags í Reykhólaskóla.

Erindi frá sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar dagsett 3. september 2013.

*Mennta- og menningarmálanefnd samþykkir erindið og óskar úttektar hjá skólastjóra ef um annan kostnað er að ræða. Samþykkt samhljóða.*

### 5. 1306004 – Mánaðarskýrsla skólastjóra 2012-2013.

*Skólastjóri fór yfir mánaðarskýrslu.*

### 6. 1309022 – Mánaðarskýrsla skólastjóra 2013-2014.

*Skólastjóri fór yfir mánaðarskýrslu.*

### 7. 1306005 – Ársskýrsla Reykhólaskóla.

*Skólastjóri lagði fram ársskýrslu skólaársins 2012-2013.*

**8. 1305011 – Viðhorfskönnun í Reykhólaskóla, útkoma.**  
*Farið vel yfir könnunina.*

**Önnur mál (ef einhver):**

**Fundargerð lesin, fundi slitið kl. 17.30.**

_____	_____
_____	_____
_____	_____